

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatakjum og geisla-
virkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum.
Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | |
|--|---------------------------|
| 1. <i>Röntgentæki:</i> | kr. |
| a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 49.722 16.617 |
| b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 62.053 20.774 |
| c) Tölvusneiðmyndataeki fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 82.826 49.722 |
| d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 41.419 12.460 |
| e) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 49.722 16.617 |
| f) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar | 24.790 10.316 |
| g) Iðnaðarröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar | 40.474 20.774 |
| h) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar | 41.445 12.460 |
| i) Öryggisröntgentæki fyrir hvert eins tæki til viðbótar: 4 eða færri á sama stað | 28.949 12.460 8.314 |
| j) Röntgentæki til efnarannsóknna og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar | 24.790 8.314 |
| 2. <i>Geislalækningatæki:</i> | 58.038 |
| fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | 16.617 |
| 3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i> | |
| Rannsóknastofa í flokki A | 66.208 |
| Rannsóknastofa í flokki B | 48.604 |
| Rannsóknastofa í flokki C | 32.362 |
| 4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i> | |
| Nifteindalindir | 41.406 |
| fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila | 16.244 |
| aðrar lokaðar geislalindir | 38.482 |
| fyrir hverja eins lind til viðbótar: 4 eða færri til viðbótar á sama stað | 10.316 8.314 |
| fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað | |
| 5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i> | |
| Filmumælingar, fyrir hverja filmu | 749 |
| TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil | 1.870 |
| Fyrir hvert týnt eða skemmt TLD hylki þarf að greiða | 3.656 |

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | | |
|----|--|--------|
| 1. | <i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i> | kr. |
| | a) Leyfi vegna nýrra tækja | 10.316 |
| | b) Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði | 8.314 |
| 2. | <i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja:</i> | |
| | Leyfi vegna nýrra tækja og breytinga | 8.314 |
| 3. | <i>Vegna lokaðra geislalinda:</i> | |
| | a) Nifteindalindir | 12.460 |
| | b) Aðrar geislalindir | 10.316 |
| 4. | <i>Vegna opinna geislalinda:</i> | |
| | a) Ný starfsemi | |
| | i. Flokkur A | 16.617 |
| | ii. Flokkur B | 12.460 |
| | iii. Flokkur C | 8.314 |
| | b) Árleg endurnýjun | |
| | i. Flokkur A | 8.987 |
| | ii. Flokkur B | 8.314 |
| | iii. Flokkur C | 6.160 |
| 5. | Vegna leysibenda | 8.314 |

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 9.020 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni eða rafsegulssviði skal stofnunin innheimta gjald, að upphæð kr. 22.552. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 3.418. Fyrir mælingar á rafsegulssviði, útfjólublárrí geislun og geislun frá leysum skal stofnunin innheimta kr. 22.552 fyrir allt að 8 mælingar á sama stað. Fyrir mælingu á geislun frá leysibendi skal stofnunin innheimta kr. 9.291 fyrir allt að 4 mælingar. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar á sama stað skal innheimta kr. 2.560.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. og 21. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 307/2014.

Velferðarráðuneytinu, 12. mars 2015.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Margrét Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2015